


Morgunblaðið/Árni Sæberg

tákn fyrir að fara inn í djúpið. Augað gæti verið hellir í náttúrunni - eða brunnur. Þegar komið er inn fyrir þessar dyr í þennan heim hugans getur allt gerst. Það skiptir ekki máli fyrir áhorfendur á sýningunni hvort þeir þekkja þetta tónverk. Í þessum helli hugans gerist ýmislegt og þannig má skoða sýninguna. Ég velti fyrir mér ýmsum hugmyndum á myndrænan hátt og set fram hugleiðingar um málaralistina sjálfa, hvernig stefnur eins og raunsæi og abstraktlist eru sitt hvor hliðin á sama teningi. Þarna er í raun um sama fyrirbærið að ræða. Um leið og komið er nógu nálægt hlutnum verður úrvinnslan abstrakt. Ég hef reynt að smíða mér svo víða hugmyndafræði að ekki sé hætta á að ég verði kallaður kreddukarl. Hættan er þó sú að allt verði sundurlaust kaos. Ég hef hins vegar svo sterka tilfinningu fyri samhenginu í þessu - fyrir þessari samfellu allra hluta - að þó þetta geti verkað á aðra sem sitt úr hverri áttinni, upplifi ég þetta sem eina heild. Ég vona svo bara að aðrir kveiki og nái tökum á þessari hugmynd minni.

Sérfræðidýrkun og tugguriddarar

Að vissu leyti er ég að vinna gegn því að verða bendlaður við ákveðinn myndstíl. Það stríðir á móti viðteknum venjum, listamenn eiga að koma sér upp persónulegum stíl. Myndlistarmenn þora ekki að prófa ýmsa hluti, þeir eru hræddir við vingulsstimpilinn. Listfræðingar út í bæ segja mönnum hvernig þeir eigi að mála. Og síðan segja þeir mönnum hvernig þeir mála og hvað þeir eru að mála. Alls kyns fræðingar eru farnir að hafa miklu meiri áhrif en áður. Þjóðfélagið einkennist af ofurtrú á sérfræðiþekkingu og sérfræðingadýrkun. Í myndlistinni veldur þetta því listamennirnir láta fræðingana hafa of mótandi áhrif á sig. Þeir þora ekki synda gegn straumnum. Þar með er búið að drepa möguleikana á því að listamenn fari nýjar leiðir.

Það sem ég er að reyna að gera er hafa allt samhengi hlutanna undir. Mín innsta sannfæring er að listaverk sé aldrei verulega sterkt nema það spanni allt frá hinu lægsta til hins háleitasta. Ég reyni að endurspegla þessa skoðun mína í verkum mínum. Það má setja þetta upp í skala milli 0 og 100. Ég er því ekki lokaður inn í mínum afmarkaða hugarheimi. Það sem er fyrir utan mig er ekki síður hluti af mér en það sem er fyrir innan. En ég hef einnig þá sannfæringu að það sem skilji á milli feigs og ófeigs í listum sé oft á tíðum framsetningin. Þó er ég enginn tæknidýrkandi. Framsetningin er oft svo nátengd innihaldinu. Við ritstörf getur eitt lítið orð skilið á milli persónulegrar upplifunar og lágkúrulegrar klisjumennsku. Það er auðvelt að ganga í lið með tugguriddurunum. Þeim sem tjá sig um alla skapaða hluti í fjölmiðlum á líðandi stund og nota sífellt sömu frasana og sömu klisjurnar.

Gagnrýnendur og ósjálfstæðir lesendur

Ég neita því ekki að ég tek neikvæða gagnrýni nærri mér. En það er fyrst og fremst vegna þess að gagnrýni birtist opinberlega. Ég treysti alveg jafn mikið smekk upplýsts almennings. Gagnrýnendur hafa áhrif á þá sem sækja ekki sýningar og lesa ekki bækur og treysta sér ekki til að hafa sjálfstæða skoðun. Þetta er stór hópur og þess vegna tek ég neikvæða gagnrýni nærri mér. Hún útilokar fyrirfram stóran hóp áhorfenda og lesenda frá beinni upplifun á listinni. Þó er sérstaklega neyðarlegt þegar fólk er svo ásjálfstætt í skoðunum að það dregur úr upphaflegri hrifningu sinni ef gagnrýnandinn er þeim ekki sammála. Persónulega reyni ég að halda í þá hugsun að gagnrýnendur skrifi af hlutlægni og heiðarleika, annars væri hætt við að ég yrði ofurseldur ofsóknarbrjálæði. Það er nokkuð algengt að listamenn séu með ofsóknarbrjálæði gagnvart gagnrýnendum og saki þá um persónulegar ofsóknir. Ég geri sjálfum mér það ekki að hleypa slíkum hugsunum að. Neikvæð gagnrýni hefur sjaldan áhrif á mig. Það er helst ef ég er í vafa um verkin mín að hún hafi áhrif. Ef ég er viss um að ég sé á réttri leið þá hefur neikvæð gagnrýni engin áhrif.

Vinn fyrir upplýstan almenning

Ég lít svo á að ég vinni fyrir upplýstan almenning þessa lands. Þetta er það fjölmennur hópur að hann nægir mér. Ég er svo alveg tilbúinn til að taka því að hluti þessa hóps hafi ekki áhuga á minni list. Íslenskir listamenn eru samt margir þannig að allir verða að klappa fyrir þeim. Það táknar ósigur ef einn púar. Mér finnst ég fá það jákvæð viðbrögð hjá mörgu fólki sem ég treysti og ber fulla virðingu fyrir að ég geti ótrauður haldið mínu striki. Tilganginum er náð ef mér tekst að skapa einhvern samhljóm milli verkanna minna og þessa fólks. Álit þeirra sem hafa ekki áhuga eða eru fullir fordóma skiptir mig ekki máli.

Þarfnast næðis en forðast einangrun

Ég vinn alltaf í skorpum en engu að síður dreymir mig um að ná því takmarki að geta unnið jafnt og þétt. Það er samt fjarlægur draumur. Aðstæður bjóða heldur ekki upp á það. Ég pantaði til dæmis salinn á Kjarvalsstöðum fyrir þessa sýningu núna fyrir ári síðan. Það hefur allt miðast við þessa dagsetningu í heilt ár. Mín skoðun er sú að listamenn eigi að fá næði til að vinna heilir og óskiptir. Ég hef getað lifað af list minni frá árinu 1978 en þá er þess að geta að ég er afskaplega neyslugrannur og þurftalítill. Ég er alla vega ekki dauður enn. Það skiptir þó meira máli fyrir upprennandi listamenn að þeir fái stuðning á meðan þeir eru að sanna sig frekar en sá stuðningur birtist eftir að listamaðurinn er viðurkenndur og verk hans eftirsótt. Ég hef einu sinni á þessu tímabili farið að vinna launavinnu og skoðun mín eftir það er sú að það sé ómögulegt að þetta tvennt fari saman. Listneysla er mér líka nauðsynleg. Leikhús, myndlistarsýningar og tónleikar halda mér á lífi, og gegna allt öðru hlutverki en venjuleg afþreying. Listsköpun er einangrandi. Ég hef reynt að sporna gegn þessu á ýmsan hátt. Sungið í kór og þess háttar. Listamanni er sama nauðsyn á samneyti við annað fólk og hverjum öðrum. Það getur ekkert komið í staðinn fyrir mannleg samskipti. Sá maður sem lifir eingöngu í heimi bókmennta og lista endar bara sem einhver furðufugl - verður eins konar Don Kíkóti."

Texti:
Hávar Sigurjónsson

Í texta er 110 tegundum fugla lýst, getið búsvæða, varps, raddar og sérstæðra lífsháttа þeirra.

Á teikningum eru sýnd einkenni fugla, sem eigi verða nógu áberandi á ljósmynd, t.d. mynstur á væng og stéli.

Nýjung í íslenskri fuglabók, er að litmynd hvers fugls er smækkuð og sú mynd búin örvum, sem vísa á helstu greiningareinkenni fuglsins. Örvarnar merktar tölum, sem vísa til hnitmiðaðra lýsinga.

Á 302 litljósmyndum, máluðum og teiknuðum myndum eru fjaðurhamir 110 fuglategunda sýndir að sumar- og vetrarlagi.
Þá eru birtar myndir af allmörgum ungfuglum og báðum kynjum allra anda.



SVONA GERUM VIÐ

Bók sem færir líf og liti fuglanna heim í stofu

Óskabók allra sem hafa áhuga á umhverfi sínu.

Fuglahandbókin eftir Þorstein Einarsson fyrrum íþróttafulltrúa er bók mikils náttúrunnanda rituð á svipmiklu og mergjuðu máli.

Þorsteinn hefur um áratugaskeið verið einn af okkar ötulustu fuglaskoðurum og hann er löngu víðkunnur, bæði hér heima og erlendis fyrir þekkingu sína á íslenskum fuglum.

Fræðsla hans í ræðu og riti hefur vakið áhuga margra á íslenskri náttúru.

Bók sem opnar lesendum heillandi heim í ríki náttúrunnar, bók sem færir líf og liti fuglanna heim í stofu, og síðast en ekki síst, bók sem vert er að hafa við höndina til þess að bera kennsl á fugla í íslenskri náttúru.

Þessi handbók er no. 3 í ritröðinni Íslensk náttúra.

Grundvallarrit til gagns og gamans.

ÖRN OG ÖRLYGUR

SÍÐUMÚLA 11, 108 REYKJAVÍK
SÍMI 91-84866